

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnnumarkaðskönnunar í bandalaginu⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.
- 3) Undanþiggja ber Liechtenstein frá ákvæðum reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þar í landi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 18a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3711/91) í XXI. viðauka við samninginn:

„**398 R 0577:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnnumarkaðskönnunar í bandalaginu (Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Reglugerð þessi gildir ekki um Liechtenstein.“““

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 112, 11.5.2000, bls. 67 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 11.5.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

